

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Bt. Grétu Mar Jósepsdóttur
greta.mar.josepsdottir@reykjavik.is

Gagnaveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
Kt. 691206 3780
Sími: 516 7777

ljosleidarinn.is

Málefni: Umsagnarbeiðni til Gagnaveitu Reykjavíkur af fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar dags. 21. október 2020

Gagnaveitu Reykjavíkur hefur borist til umsagnar mál nr. US200375 frá fundi skipulags- og samgönguráðs þann 21. október sl., fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins.

Eftirfarandi er svar fyrirtækisins við hverjum lið, eftir því sem við á:

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, á og rekur fjarskiptanet í Reykjavíkurborg og víðar og selur ljósleiðara í heildsölu til fjarskiptafélaga. GR er á samkeppnismarkaði og veitir því almennt ekki upplýsingar um einstaka tengingar eða viðskiptasamninga vegna trúnaðar. Öllum íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu stendur til boða að fá sín fjarskipti í gegnum ljósleiðara hjá GR á viðskiptalegum forsendum.

1. Er búið að ljósleiðaravæða Esjumela?
 - Gagnaveita Reykjavíkur hefur lagt ljósleiðarastreng að Esjumelasvæðinu en ekki heimtaugar frá tengipunkti GR í húsin á svæðinu.
2. Ef svo er hver bar kostnaðinn af hverri tengingu inn á hverja lóð?
 - Sjá svar við spurningu 1, engin lóð hefur verið tengd.
3. Ef búið er að ljósleiðaravæða Esjumela, hvað kostaði tengingin tæmandi talið?
 - Sjá svar við spurningum 1 og 2.
4. Er búið að tengja ljósleiðara í fangelsið á Hólmsheiði?
 - Gagnaveita Reykjavíkur hefur ekki lagt ljósleiðara að fangelsinu.
5. Ef svo er hver greiddi fyrir ljósleiðarann og hvað kostaði tengingin tæmandi talið?
 - Sjá svar við spurningu 4.
6. Var farið í útboð vegna beggja verka ef búið er að ljósleiðaravæða svæðin?
 - Sjá svör við spurningum 1 og 4.
7. Hvaða verktaki sá um lagningu ljósleiðarana?
 - Sjá fyrri svör.
8. Hvenær voru ljósleiðarar lagðir til fyrirtækjanna/inn á svæðið?
 - Sjá fyrri svör.

Fyrir hönd Gagnaveitu Reykjavíkur

Jóhann Sveinn Sigurleifsson